


Nr.: STL-030	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 01.10.2008	Skólastjóri Endurmenntunarskólans	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 3		


Svið/deild: Endurmenntunarskólinn
Næsti yfirmaður - starfsheiti: Skólameistarar
Undirmenn - starfsheiti: Starfsmenn Endurmenntunarskólans

Markmið starfs Sjá um að námskeiðaframboð og endurmenntun sem Tækniskólinn býður upp á sinni þörfum markaðarins, þ.e. þeirra stétta sem sækja menntun sína til Tækniskólans, sem og þeirra sem nýta sér starfskrafta þessara stétta.


	Ábyrgðarsvið	Hlutfall af tíma %
1.	Skipuleggur, stjórnar og ber faglega ábyrgð á rekstri Endurmenntunarskólans Tækniskólans í samræmi við lög og reglur sem um það gilda.	25
2.	Hefur eftirlit með og ber ábyrgð á fjárhagslegri afkomu Endurmenntunarskólans í samræmi við fjárhags- og rekstraráætlun og stjórnar starfsmönnum í samræmi við sett markmið.	20
3.	Skilgreinir þarfir viðskiptavina Endurmenntunarskólans og skipuleggur þróun menntunarframboðs sem uppfyllir þarfir þeirra í samræmi við stefnu og markmið Tækniskólans og innan ramma laga og reglugerða.	25
4.	Hefur forgöngu um og tekur þátt í skipulagningu þverfaglegra verkefna innan skólans.	10
5.	Eflir samstarf við aðila á landsbyggðinni, fagfélög og aðra hagsmunaaðila um námskeiðahald til að tryggja viðskiptavinum okkar sem öflugastan og jafnastan aðgang að menntun á sínu sviði.	10
6.	Ber ábyrgð á starfsmannamálum Endurmenntunarskólans, tekur ákvarðanir um starfsmannaráðningar og brottvikningar og ákvarðanir um kjör og aðbúnað starfsmanna, þjálfun og fræðslu innan ramma markmiða stjórnar og laga og reglugerða og í samráði við yfirmann.	5
7.	Ber ábyrgð á að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til starfsmannahalds jafnharðan. (Menntun, námskeið, o.fl.)	–
8.	Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega, innan settra tímamarka þannig að Tækniskólinn geti veitt viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu á hverjum tíma.	5

Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)

Háskólamenntun nauðsynleg, reynsla af námskeiðahaldi og/eða störfum viðkomandi stétta æskileg. Stjórnunarhæfileikar, hæfni í mannlegum samskiptum, drifkraftur, frumkvæði, skipulagshæfileikar æskileg.

Nr.: STL-030	Tækniskólinn	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 3.0		
Dags: 01.10.2008	Skólastjóri Endurmenntunarskólans	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 3		

	Helstu verkefni:
1.	Ber ábyrgð á daglegum og faglegum rekstri Endurmenntunarskólans.
2.	Tekur þátt í gerð markmiðs-, rekstrar- og fjárfestingaráætlunar fyrir Tækniskólinn og ber ábyrgð á að þeim verði framfylgt gagnvart sínu sviði.
3.	Samþykkir og undirritar vinnu/efnisreikninga er falla á undir Endurmenntunarskólann
4.	Hefur frumkvæði að greiningu á öllum þjónustupáttum tengdum framboðinni menntun, þróun þjónustupátta og gerð gjaldskráa og frumkvæði að þróun nýrra þjónustupátta.
5.	Hefur samskipti við fagfélög og lykilmenn tengdum fagstéttum til að greina þarfir markaðarins fyrir starfs- og endurmenntun, hvort heldur er til skemmri eða lengri tíma.
6.	Hefur með höndum erlend samskipti skólans, öflun og miðlun upplýsinga um nýjungar er varða menntunina og nýjar þjóðlegar og alþjóðlegar reglur og reglugerðir.
7.	Vinnur, í samstarfi við aðra, að markaðssetningu þeirra námskeiða sem í boði eru hverju sinni.
8.	Þróar námskeið, undirbýr og skipuleggur út frá þörfum markaðarins og í samvinnu við hagsmunaaðila m.t.t. umfangs, innihalds, staðsetningar, tíðni og fjölda.
9.	Skipuleggur, í samstarfi við ýmsa aðila eftir þörfum, markaðssetningu og kynningu á námskeiðum sem skólinn býður upp á.
10.	Verðleggur námskeiðin í samstarfi við skólameistara og fjármálastjóra.
11.	Skólastjóri Endurmenntunarskólans ber, ásamt skólastjórum Tækniskólans, ábyrgð á að ævinlega séu í boði námskeið/fræðsla er falla að öllum fræðslupáttum skólanna og jaðarpáttum þess.
12.	Heldur góðum tengslum við atvinnulífið til eftirfylgni með samstarfi og þjónustu og rækta þau með heimsóknnum, símtölum og eftir öðrum tilfallandi leiðum.
13.	Eflir námskeiðahald út um land með markvissu samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á hverju svæði fyrir sig.
14.	Situr skólastjórafundi og framfylgir ákvörðunum fundarins eftir því sem ákveðið er.
15.	Ber ábyrgð á starfsmannamálum síns skóla svo sem skráningu vinnutíma, ráðningu starfsmanna, skipulagningu sumarleyfa og öðrum starfsmannatengdum atriðum í samráði við skrifstofustjóra og næsta yfirmann eftir þeim reglum sem gilda á hverjum tíma
16.	Annast önnur verkefni sem honum eru falin.

Nr.: STL-030	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 01.10.2008	Skólastjóri Endurmenntunarskólans	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 3 af 3		

Tengsl	
Daglega	Starfslið og nemendur í skólum Tækniskólans.
Sjaldnar	Birgjar og þjónustuaðilar, starfsmenn viðkomandi fagfélaga, stjórn Sjómenntar, stjórnir og kennarar annarra skólastofnana, símenntunarmiðstöðvar út um land, kennarar víða að.